



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2022 - 2023

Skýrsla kennslustjóra fjarnáms

Efniyfirlit

Inngangur	2
Haustönn 2022	2
Vorönn 2023	3
Sumarönn 2023	4
Tafla 1. Fjarnemendur VÍ skólaárið 2022-2023 , tölur úr gagnagrunni INNU.....	4
Fagnám verzlunar og þjónustu	5
Tafla 2. Nemendur fagnáms skólaárið 2022-2023, tölur úr gagnagrunni INNU.....	5
Fjöldi ársnemenda skólaárið 2022-2023	6
Tafla 3. Fjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands veturinn 2022-2023. .	6
Fjarnámsgjöld	6
Kennslukerfið.....	7
Gæðahandbók fjarkennara	7
Fyrirlestur um fjarnám og fjarkennslu	8
Lokaorð	8
Tilvitnanir	9

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2022-2023. Til viðbótar við hefðbundna fjarnámið, kom fagnám verslunar og þjónustu til sögunnar á vorönn 2020 og verður því einnig gerð skil hér. Í lokin verður svo fjallað um gæðahandbók fjarkennara sem leit dagsins ljós á haustönn 2022.

Haustönn 2022

Á haustönn 2022 var 97 áfangfar kenndir, en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á haustönn 2021 voru 103. Fjarkennarar á haustönn 2022 voru 47.

Á haustönn 2022 voru 338 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Nemendur á haustönn 2022 voru 113 nemendum færri en á haustönn 2021 og nam fækkunin 25,1% á milli þessara ára.
- Af 338 nemendum haustannar 2022 voru 48 (14,2%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 290 (85,8%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2021 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi nánast sá sami, eða 46 og það hlutfall var þá 10,2%.
- Af 338 nemendum haustannar 2022 voru 69 (20,4%) nemendur grunnskóla, sem var svipaður fjöldi og á haustönn 2021, því þá var þessi fjöldi 74 nemendur sem gerði 16,4% af heildarfjölda fjarnemenda. Grunnskólanemendur á haustönn 2022 komu úr 25 grunnskólum landsins.
- Af 338 nemendum haustannar 2022 voru 127 skráðir í 20 aðra framhaldsskóla en Versló og var það 37,6% af heildinni.
- Af 338 nemendum haustannar 2022 voru 95 ekki skráðir í skóla en það eru 28,1% af heildarfjölda nemenda.
- Af 338 nemendum haustannar 2022 voru konur 198 (58,6%) og karlar 140 (41,4%) en á haustönn 2021 voru samsvarandi gildi 57,0% og 43,0%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2022 var 19,5 ár, en á haustönn 2021 var þessi tala ívið hærri eða 20,9 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2022 voru nemendur fæddir 2003, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla það haustið, sumir þeirra hafa væntanlega lokið við stúdentsprófið og verið að bæta við sig áföngum vegna háskólanáms. Haustið 2021 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 2003) einnig fjölmennasti árgangurinn. Næst fjölmennast árgangurinn á haustönn 2022 voru nemendur fæddir 2004 og voru þeir væntanlega á öðru ári framhaldsskólans það haustið.
- Hver nemandi tók að meðaltali 8,54 nýjar einingar á haustönn 2022 og sambærileg tala fyrir haustönn 2021 var 8,77 nýjar einingar.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2022 á heimasíðu skólans¹.

¹ https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust_2022/ Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

Nemendur haustannar 2022 voru skráðir í 2885 nýjar einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2148 einingar en það voru 74,5% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á haustönn 2021 skiluðu 67,8% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á haustönn 2022 voru 48,1 og til prófs skiluðu sér 35,8. Sambærilegar tölur fyrir haustönn 2021 voru 65,9 og 44,7 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Vorönn 2023

Á vorönn 2023 voru 100 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á vorönn 2022 voru alls 105. Fjarkennarar á vorönn 2023 voru 46 og þar af einn sem ekki hafði fjarkennt áður.

Á vorönn 2023 voru 526 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2023 var 7 nemendum fleiri en á vorönn 2022, þetta er tæplega 2% fjölgun á milli ára.
- Af 526 nemendum vorannar 2023 voru 152 (28,9%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 374 (71,1%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi var hærra en á vorönninni á undan en þá var það 24,0%.
- Af 526 nemendum vorannar 2023 voru 94 (17,9%) nemendur grunnskóla, en á vorönn 2022 voru sambærilegar tölur 120 (23,0%). Grunnskólanemendur á vorönn 2023 komu úr 26 grunnskólum landsins.
- Af 526 nemendum vorannar 2023 voru konur 332 (63,1%) og karlar 194 (36,9%) en á vorönn 2022 var hlutfall kvenna 57,2% og karla 42,8%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2023 var 19,7 ár, en þessi tala var á vorönninni á undan 19,8 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2023 voru nemendur fæddir 2004, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2022 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla einnig (nemendur fæddir 2003) fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 7,86 nýjar einingar á vorönn 2023, en sambærileg tala fyrir vorönn 2022 var 8,32 nýjar einingar.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2023 á heimasíðu skólans ².

Nemendur vorannar 2023 voru skráðir í 4132 nýjar einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 3155 nýjar einingar en það voru 76,36% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á vorönn 2022 skiluðu 73,2% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á vorönn 2023 voru 68,9 og til prófs skiluðu sér 52,6. Sambærilegar tölur fyrir vorönn 2022 voru 71,9 og 52,7 ársnemendur. Sjá töflu 1.

²<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2023/>. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

Sumarönn 2023

Á sumarönn 2023 voru 85 áfangar kenndir. Áfangar á sumarönn 2022 voru 87. Fjarkennarar á sumarönn voru 45, allt þaulreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2023 voru 592 nemendur skráðir í fjarnám, en sumarið áður voru þeir 624. Þegar nemenda hópur sumarannar 2023 er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2023 var 32 nemendum færri en á sumarönn 2022 og er það 5,1% fækkun á milli ára.
- Af þessum 592 nemendum sumarannar 2023 voru konur 296 (50,0%) og karlar 295 (49,8%). Einn nemandi var skráður af ótilgreindu kyni í INNU. Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2022 voru 56,9% konur og 43,1% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2023 var 19,8 ár en sambærileg tala fyrir sumarönn 2022 var 19,7 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2023 voru nemendur fæddir 2005, en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2022 var árgangurinn 2004 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega einnig lokið öðru ári í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 8,6 nýjar framhaldsskólæiningar á sumarönn 2023. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2022 var 8,9 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2023 á heimasíðu skólans³.

Nemendur á sumarönn 2023 voru skráðir í 5072 nýjar framhaldsskólæiningar. Til lokaprófs skiluðu sér 3604 einingar. en það gera 71,1% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á sumarönn 2022 skiluðu 68,2% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á sumarönn 2023 voru 84,5 og til prófs skiluðu sér 60,1 ársnemendur. Sambærilegar tölur fyrir sumarönn 2022 voru 92,5 og 63,1 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Önn_fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur skráðir	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
H22	338	8,54	2885	2148	48,08	35,8	74,45
V23	526	7,86	4132	3155	68,87	52,58	76,36
S23	592	8,57	5072	3604	84,53	60,07	71,06
Alls	1456	8,32	12089	8907	201,48	148,45	73,96

Tafla 1. Fjarnemendur VÍ skólaárið 2022-2023 , tölur úr gagnagrunni INNU.

³https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar_2023/. Tölur eru eins á heimasíðu og í skýrslu, enda unnar í lok sumarannar.

Í töflu 1 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2022 til 2023 var 201,5 þegar skráðar einingar eru taldar, en 148,5 þegar litið er til þreyttra eininga. Mæting í próf á þessu tímabili var tæplega 74%. Fjarnám skólans er því eins og framhaldsskóli með 202 nemendur skráða í fullt nám allt árið og þeir ljúka við tæplega 74% af einingum sem þeir eru skráðir í á skólaárinu.

Fagnám verslunar og þjónustu

Á vorönn 2020 fór í gang fagnám verslunar og þjónustu fyrir starfandi verslunarfólk í samstarfi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Námið skiptist upp í 2 lotur á önn og eru áfangar í boði ýmist 2 eða 3 framhaldsskólaeiningar.

Á haustönn 2022 voru loturnar að venju tvær. Alls voru 44 nemendur við nám á önninni. Þessir nemendur voru skráðir í 466 einingar samtals á önninni og samsvarar það 10,6 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Lokanámsmat skilaði sér í 329 einingum, en það gera 70,60% eininga. Þessa önnina voru 7,77 ársnemendur skráðir til náms og 5,48 ársnemendur luku áföngum. Sjá töflu 2.

Á vorönn 2023 voru 27 nemendur við nám í tveimur lotum á önninni. Þessir nemendur voru skráðir í 274 einingar samtals á önninni og samsvarar það 10,2 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Lokanámsmat skilaði sér í 129 einingum. Alls voru 4,57 ársnemendur skráðir til náms þessa önnina og 2,15 ársnemendur luku áföngum. Luku þessir nemendur við 47,08% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Sjá töflu 2.

Á sumarönn 2023 var ekki boðið uppá áfanga fyrir nemendur í fagnámi verslunar og þjónustu. Reynslan frá árinu á undan sýndi okkur að nemendur þurftu þann tíma til að taka sér frí frá náminu.

Önn fagnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur skráðir	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
H22-fag	44	10,59	466	329	7,77	5,48	70,60
V23-fag	27	10,15	274	129	4,57	2,15	47,08
Alls	71	10,42	740	458	12,33	7,63	61,89

Tafla 2. Nemendur fagnáms skólaárið 2022-2023, tölur úr gagnagrunni INNU.

Í töflu 2 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fagnámi verslunar og þjónustu var 12,33 þegar skráðar einingar voru taldar, en 7,63 þegar litið var til þreyttra eininga. Tæplega 62% skráðra eininga lauk með þreyttum einingum.

Í lok haustannar 2022 útskrifuðust fimm nemendur með fagbréf í verslun og þjónustu og einn í lok vorannar 2023, þar af einn með stúdentspróf líka. Einn fagnemandi lauk við stúdentspróf á haustönn 2022 en kláraði þó ekki fagnámið. Alls hafa því átján nemendur útskrifast frá skólanum með fagbréf í verslun og þjónustu og fjórir (og einn að auki) með stúdentspróf.

Fjöldi ársnemenda skólaárið 2022-2023

Þegar talinn er saman einingafjöldi sem hefðbundna fjarnámið og fagnám verslunar og þjónustu skilaði skólaárið 2022 – 2023, kemur í ljós að ársnemendur skráðir eru rúmlega 213. Þreyttar einingar gáfu rúmlega 156 ársnemendur sem gera að meðaltali 73% mætingu í próf þessar annir. Sjá nánar í töflu 3.

Önn fag- og fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Arsnemendur skráðir	Arsnemendur í próf	% Mæting í próf
H22-fjar	338	8,54	2885	2148	48,08	35,80	74,45
H22-fag	44	10,59	466	329	7,77	5,48	70,60
V23-fjar	526	7,86	4132	3155	68,87	52,58	76,36
V23-fag	27	10,15	274	129	4,57	2,15	47,08
S23-fjar	592	8,57	5072	3604	84,53	60,07	71,06
S23-fag	0	0,00	0	0	0,00	0,00	0,00
Alls	1527	8,40	12829	9365	213,82	156,08	73,00

Tafla 3. Fjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands veturinn 2022-2023.

Þegar fagnám og fjarnám skólans er tekið saman, þá er það eins og framhaldsskóli með 213 nemendur skráða í fullt nám allt árið og þeir ljúka við 73% af einingum sem þeir eru skráðir í á skólaárinu.

Fjarnámsgjöld

Á sumarönn 2020 var kennslugjaldið lækkað úr 3600 krónur á einingu niður í 2700 krónur á einingu og skráningargjaldið úr 7200 krónum í 6000 krónur per önn. Miðað við þetta þá kostaði 5 eininga áfangi nemandann 13500 krónur og svo bættust við 6000 krónur skráningargjald á önn. Nemendur dagskóla Verzlunarskólans greiddu ekki skráningargjaldið og grunnskólanemendur eingöngu skráningargjaldið. Gjaldskráin var lækkuð til að koma til móts við nemendur á erfiðum tímum þegar heimsfaraldur gekk yfir plánetuna.

Í upphafi vorannar 2022 voru gjöldin hækkuð aftur í fyrra horf og frá þeim tíma hefur kennslugjaldið verið 3600 krónur per einingu og skráningargjaldið 7200 krónur á önn.

Nemendur dagskóla Verzlunarskólans greiða eftir sem áður einungis kennslugjaldið, það sama gildi um grunnskólanemendur fram til haustannar 2022 því frá og með þeim tíma greiða þeir gjöld að fullu.

Kennslukerfið

Í upphafi vorannar 2022 var kennslukerfið, Moodle, uppfært úr útgáfu 3.6 yfir í 3.11. Það var gert með því að flytja áfanga í notkun, einn af öðrum, úr gamla kennslukerfinu yfir í það nýja. Með þessu móti voru gamlir áfangar sem hafa ekki verið notaðir lengi skildir eftir í gamla kennslukerfinu. Í gamla kennslukerfinu voru alls 775 áfangar, þar af 125 í stærðfræði og 125 í ensku. Í nýja kennslukerfinu eru núna þegar þetta er skrifað alls 192 áfangar.

Í lok haustannar 2022 var Moodle síðan uppfært úr útgáfu 3.11 yfir í 4.1.1. Uppfærslan gekk hnökralaust fyrir sig og kennslukerfið var tilbúið til kennslu þann 24. janúar þegar vorönn 2023 gekk í garð.

Gæðahandbók fjarkennara

Í tengslum við vinnu um gæðamál fjarnáms á skólaárinu 2021-2022, var ákveðið að gera gæðastaðal fyrir fjarnámsáfanga. Rætt var um hvaða atriði ætti að nefna í þessum gæðastaðli og hversu ítarlegur hann ætti að vera. Var ákveðið að gæðastaðallinn þyrfti að byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin í þessum málum. Dæmi um þessa vinnu:

- Stefnumótunarhópur um fjarnám, 2006-2007: Sömu kröfur eiga að gilda í sömu áföngum dagskóla og fjarnáms, námsefni á að taka mið af námsefni dagskóla og lokanámsmat á að vera sambærilegt. Í þessari vinnu var mesta áhersla lögð á skipulag fjarnámsáfanga og samskipti kennara og nemenda. Skýrsla hópsins er á heimasíðu skólans⁴.
- Jafningjammat sem unnið var á vorönn 2008 en þá heimsóttu kennarar áfanga hvers annars. Um leið og þeir lærðu hverjir af öðrum, þá komu þeir með gagnlegar ábendingar um hvað betur mætti fara. Niðurstöður jafningjamatsins eru birtar á heimasíðu skólans⁵.
- *Blásið til sóknar* á vorönn 2020, en þar voru vinnustofur þar sem kennarar sýndu fjarnámsáfanga sína, hópavinna um hvaða þættir einkenndu góðan fjarnámsáfanga og hvaða tæki og tól kennarar þyrftu til að koma námsefni á rafrænt form. Í þessari vinnu kom áherslan á sköpun, annars vegar kennara við að útbúa kennslukerfið til kennslu og síðan nemenda sem takast á við námsefnið. Þar var gerður listi um þau atriði sem einkenna góðan fjarnámsáfanga⁶.
- *Fjarkennsla til framtíðar* á vorönn 2022 þar sem gæðamál fjarnámsins voru til skoðunar. Í tengslum við þessa vinnu var unninn gátlisti fyrir fjarnámsáfanga og er hann birtur á heimasíðu skólans⁷.

Vinna við gerð gæðastaðalsins var tekin upp á haustönn 2022. Kennslustjóri fjarnáms gerði drög og aðilar innan skólasamfélagsins, svo sem skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fagstjórar,

⁴ https://www.verslo.is/media/fjarnam/skyrsla_stefnumotunarhops_um_fjarnam.pdf

⁵ <https://www.verslo.is/home/moodle/jafningjamatsskyrsla1.pdf>

⁶ https://www.verslo.is/media/fjarnam/vinnufundur_lidur1.pdf

⁷ https://www.verslo.is/media/fjarnam/gatlisti_v22.pdf

fjarkennarar, gæðastjóri, gæðateymi, kennslustjóri staðnáms og þróunarstjórar, fengu hann til umsagnar og fjölmargar ábendingar komu og var tekið tillit til þeirra flestra. Í framhaldinu var gæðastaðallinn birtur í gæðahandbók fjarkennara og fyrstu drögin komu á heimasíðu skólans. Nýjasta útgáfan er á heimasíðunni og hægt er að nálgast hana þar⁸. Allir eru sammála um að gæðahandbókin sé lifandi plagg og hún muni taka breytingum eftir því sem þekkingu okkar á fjarkennslu mun vinda fram.

Í framhaldi af vinnu við gæðahandbókina komu upp einkunnaorð fjarnáms Verzlunarskóla Íslands: Samskipti, skipulag og sköpun.

Fyrirlestur um fjarnám og fjarkennslu

Þann 13. janúar 2023 var kennslustjóri fjarnáms með kynningu á fjarnáminu í skólanum okkar á námskeiðinu *Fjarnám og kennsla* í Háskóla Íslands. Sólveig Jakobsdóttir prófessor bað um þennan fyrirlestur og vildi hún að umtalsefnið yrði í stuttu máli yfirlit yfir skipulag fjarnámsins í Verzlunarskóla Íslands og síðan um Gæðahandbókina. Glærurnar frá þessum fyrirlestri eru á heimasíðu skólans⁹.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið í 18 ár. Á þessum tíma hefur það vaxið og dafnað í takt við breytingar í samfélaginu. Mikilvægt er að fjarkennslan haldist í hendur við kennslu í dagskólanum, með því móti verða gæði þess best tryggð.

Reykjavík 18. september 2023
Sigurlaug Kristmannsdóttir,
kennslustjóri fjarnáms í VÍ

⁸ https://www.verslo.is/media/fjarnam/gaedahandbok_fjarkennslu3.pdf

⁹ https://media/fjarnam/fjarkennsla_sigurlaug_kristmannsdottir.pdf

Tilvitnanir

1. Fjarnemendur á haustönn 2022:

<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust-2022/>

2. Fjarnemendur á vorönn 2023:

<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2023/>

3. Fjarnemendur á sumarönn 2023:

<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar-2023/>

4. Skýrsl stefnumótunarhóps um fjarnám:

https://www.verslo.is/media/fjarnam/skyrsla_stefnumotunarhops_um_fjarnam.pdf

5. Niðurstöður jafningjamats:

<https://www.verslo.is/home/moodle/jafningjamatsskyrsla1.pdf>

6. Listi yfir atriði sem einkenna góðan fjarnámsáfang:

https://www.verslo.is/media/fjarnam/vinnufundur_lidur1.pdf

7. Gátlisti fyrir fjarnámsáfang:

https://www.verslo.is/media/fjarnam/gatlisti_v22.pdf

8. Könnun meðal fjarkennara, niðurstöður:

https://www.verslo.is/media/fjarnam/konnun_medal_fjarkennara.pdf

9. Gæðahandbók fjarkennslu:

https://www.verslo.is/media/fjarnam/gaedahandbok_fjarkennslu3.pdf

10. Fjarnám og fjarkennsla, glærur frá fyrirlestri fyrir Háskóla Íslands

https://media/fjarnam/fjarkennsla_sigurlaug_kristmannsdottir.pdf